

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er togbátum, sem taka poka vörpunnar inn á síðunni og togbátum sem eru 29 metrar að mestu lengd eða styttri, heimilt til 1. september 2005 að stunda veiðar með fiskibotnvörpu á svæðinu, enda séu vörpur þeirra búnar leggglugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 711, 27. ágúst 2004, um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. nóvember 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Þórður Eyþórsson.*